

# - Fréttatilkynning -



## Fjórðungsmót á Austurlandi 20. - 23. júní.

Fjórðungsmót hestamanna á Austurlandi verður haldið á félagssvæði Hornfirðings að Fornustekjum í Nesjum, dagana 20. - 23. júní í sumar.

Að þessu sinni var ákveðið að fjölga aðildarfélögum sem hafa rétt til þátttöku. Öll hestamannafélög á svæðinu frá og með Eyjafirði til Hornafjarðar hafa keppnisrétt á mótinu, eins og var á FM2007, og til viðbótar hefur nágrönnum okkar í vestri, hestamannafélagunum Kóp og Sindra, verið boðin þátttaka. Þetta fyrirkomulag var ákveðið til þess að fjölga keppendum og áhorfendum á mótinu og um leið til að festa Fjórðungsmót á Austurlandi enn frekar í sessi.

Kynbótahrossum innan hrossaræktarsamtaka á sömu svæðum er boðin þátttaka. Fagráð í hrossarækt hefur samþykkt breytinguna og hefur lagt til eftirfarandi lágmark:

- |                                |                             |
|--------------------------------|-----------------------------|
| - Stóðhestar, 4v 7,90          | - Hryssur, 4v 7,80          |
| - Stóðhestar, 5v 8,05          | - Hryssur, 5v 7,95          |
| - Stóðhestar, 6v 8,20          | - Hryssur, 6v 8,10          |
| - Stóðhestar, 7v og eldri 8,25 | - Hryssur, 7v og eldri 8,15 |

Keppt verður í hefðbundnum keppnisgreinum: A- og B-flokki gæðinga, barna-, unglunga- og ungmennaflokkum, Tölta (T1), opnum- og áhugamannaflokki, Slaktaumatölta (T2), 100m fljúgandi skeiði, 150m og 250m metra skeiði. Einnig verður sýning ræktunarbúa.

Boðið verður upp á fjölbreytta skemmtidagskrá: Skógeyjarútreið, grillveislu, kvöldvöku í félagsheimilinu Stekkhól og dansleik í reiðhöll Hornfirðings.

Á Fornustekjum er keppnisvöllur, félagsheimili, reiðhöll, hesthúsahverfi, tjaldstæði, beutiland fyrir ferða- og keppnishesta og frábærar útreiðarleiðir. Fornustekkar eru í ca. 8 km fjarlægð frá Höfn, þar sem öll þjónusta er til staðar, s.s. hótél, gistiheimili, tjaldstæði, veitingastaðir, Nettó-verslun, bakarí, ýmsar sérserverslanir, fatahreinsun, apótek, heilsugæsla, vínbúð, sundlaug, fjölbreytt íþróttaaðstaða og ýmis áhugaverð söfn á sviði menningar og lista.

Mótshaldarar eru Hestamannafélagið Hornfirðingur og Félag hrossabænda - Hornafjarðardeild.

*hornfirðingur.123.is*